

Lífeyrissjóður verzlunarmanna

**Tryggingafræðileg athugun á stöðu sjóðsins
í árslok 2023**

Mars 2024



TALNAKÖNNUN HF.

Efnisyfirlit

Inngangur	2
Niðurstaða tryggingafræðilegrar athugunar 31.12.2023	3
Forsendur úttektar	5
Niðurstaða miðað við staðlaðar forsendur	7
Niðurstaða miðað við óbreyttar forsendur frá síðustu athugun	8
Niðurstaða án áhrifa 6. tl. viðauka B í samþykktum.....	9
Eignir, rekstur og endurmat.....	10
Tryggingagjaldið	10
Niðurlag.....	11
Söguleg þróun	12
Töflur: Tryggingafræðileg staða í árslok 2023 og 2022	14
Viðauki TAFLA 1.....	15
Viðauki TAFLA 2.....	16

Inngangur

Talnakönnun hf. hefur samkvæmt beiðni stjórnar Lífeyrissjóðs verzlunarmanna athugað tryggingafræðilega stöðu sjóðsins miðað við árslok 2023. Athuginin fólst í að reikna annars vegar áfallna skuldbindingu miðað við áunnin réttindi sjóðfélaga og hins vegar heildarskuldbindingu miðað við að sjóðfélagar héldu áfram að greiða í sjóðinn þar til þeir færu á lífeyri. Benedikt Jóhannesson tryggingastærðfræðingur sjóðsins hafði umsjón með athugininni, sem var unnin samkvæmt samþykktum sjóðsins og í samræmi við 24. grein laga nr. 129/1997 og ákvæði IV. kafla reglugerðar nr. 391/1998 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða. Benedikt er með viðurkenningu Fjármálaeftirlitsins samkvæmt 39. gr. laga nr. 56/2010 um váttryggingastarfsemi en í viðurkenningunni felst meðal annars heimild til að gera tryggingafræðilega athugun á fjárhag hélendra lífeyrissjóða í samræmi við 24. gr. laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, nr. 129/1997. Arnór Ingi Finnbjörnsson, stærðfræðingur hjá Talnakönnun, sá um stærstan hluta útreikninga.

Gögn um sjóðfélaga og lífeyrisþega voru fengin frá sjóðnum og voru þar upplýsingar um kyn og fæðingardag hvers sjóðfélaga, fæðingardag maka, samtals áunnin réttindi sjóðfélagans og nýjustu upplýsingar um iðgjaldagreiðslur. Hjá lífeyrisþegum voru upplýsingar um tegund lífeyris og lífeyrisréttindin í desember 2023.

Sjóðfélögum er skipt í þrjá hópa:

1. Sjóðfélagar sem greiddu iðgjöld til sjóðsins á árinu 2023.
2. Sjóðfélagar með geymd réttindi, það er greiddu hvorki iðgjöld né þáðu lífeyri á árinu 2023.
3. Lífeyrisþegar í desember 2023.

Áreiðanleiki gagnanna var ekki kannaðar að öðru leyti en með samanburði við gögn síðasta árs og tölur úr ársreikningi og virtist ágætis samræmi vera þar á milli.

Niðurstaða tryggingafræðilegrar athugunar 31.12.2023

Heildarstaða sjóðsins skiptist annars vegar í áfallna stöðu og hins vegar framtíðarstöðu. Áfallin staða er mismunur á núverandi eignum sjóðsins og skuldbindingum vegna áunninna réttinda sjóðfélaga. Á sama hátt er framtíðarstaðan mismunur á núvirði framtíðariðgjalda virkra sjóðfélaga (iðgjaldagreiðendur á árinu 2023) og núvirði framtíðarlífeyrisskuldbindinga vegna sömu sjóðfélaga, miðað við tryggingafræðilegar forsendur.

Taflan hér að neðan sýnir niðurstöðu athugunarinnar. Til samanburðar er sýnd niðurstaða tryggingafræðilegrar athugunar í árslok 2022. Allar fjárhæðir eru í þúsundum króna á verðlagi í lok hvors árs. Niðurstaða athugunarinnar er að heildarstaða sjóðsins er neikvæð um 142.415 m.kr. eða um 6,8% af heildarskuldbindingum. Það er veikari staða en í árslok 2022 en þá var heildarstaða sjóðsins neikvæð um 107.163 m.kr. eða -5,6%.

Heildarstaða í þús. kr.	2023	2022
Endurmetin eign	1.260.683.463	1.135.905.487
Framtíðariðgjöld	702.115.671	653.855.138
Heildareign	1.962.799.134	1.789.760.625
Ellilífeyrisskb.	1.847.542.240	1.660.861.960
Örorkulífeyrisskb.	151.496.593	138.782.781
Makalífeyrisskb.	62.737.179	58.630.350
Barnalífeyrisskb.	4.979.681	4.600.253
Rekstrarkostnaður	38.458.233	34.048.156
Skuldbindingar alls	2.105.213.926	1.896.923.499
Eignir umfram skuldb.	-142.414.793	-107.162.874
Staða	-6,8%	-5,6%

Áfallin staða	2023	2022	Framtíðarstaða	2023	2022
Höfuðstóll	1.256.491.994	1.146.104.987	Núvirði framtíðariðgj.	702.115.671	653.855.138
Endurmat skuldabréfa	4.191.468	-10.199.500			
Endurmetin eign	1.260.683.463	1.135.905.487	Eign í framtíðarstöðu	702.115.671	653.855.138
Ellilífeyrisskb.	1.224.627.685	1.080.581.452	Ellilífeyrisskb.	622.914.555	580.280.507
Örorkulífeyrisskb.	91.358.792	82.729.413	Örorkulífeyrisskb.	60.137.800	56.053.368
Makalífeyrisskb.	43.212.517	40.081.349	Makalífeyrisskb.	19.524.663	18.549.001
Barnalífeyrisskb.	802.492	759.671	Barnalífeyrisskb.	4.177.189	3.840.581
Rekstrarkostnaður	18.889.738	16.290.640	Rekstrarkostnaður	19.568.495	17.757.515
Skuldbindingar alls	1.378.891.224	1.220.442.525	Skuldbindingar alls	726.322.703	676.480.974
Eignir umfram skuldb.	-118.207.761	-84.537.038	Eignir umfram skuldb.	-24.207.032	-22.625.836
Staða	-8,6%	-6,9%	Staða	-3,3%	-3,3%

Heildarstaða sjóðsins er neikvæð um 6,8% og því innan þeirra marka sem lög kveða á um. Þar segir þó að heildarstaðan eigi að jafnaði að vera innan 5% vikmarka en aldrei utan 10% marka og hefur tryggingafræðileg staða sjóðsins nú verið neikvæð umfram -5,0% í tvö ár í röð. Verði heildarstaða sjóðsins undir -5,0% vikmörkum samfelld í fimm ár er sjóðnum skylt að lækka réttindi skv. 39. grein laga 129/1997.

Iðgjald í VIRK endurhæfingarsjóð er 0,10% af stofni til iðgjalds og lækkar því væntar iðgjaldatekjur sjóðsins sem því nemur en að sama skapi eru væntingar um að örorkuskuldbindingar sjóðsins lækki. En það á eftir að koma í ljós hversu mikið örorkubyrðin lækkar (sem þýðir lægri örorkulíkur) og mun reynsla næstu ára skera úr um það. Á meðan verður ekki tekið tillit til áhrifa þessara útgjalda í tryggingafræðilegri athugun, það er hvorki í útreikningi á núvirði væntra iðgjalda eða örorkuskuldbindinga.

Heildarlífeyrisskuldbindingar Lífeyrissjóðs verzlunarmanna í árslok 2023 eru 2.105.214 m.kr. og hækkuðu um 208.290 m.kr. á árinu. Helstu breytingar á árinu eru sýndar hér að neðan.

Áfallnar lífeyrisskuldbindingar hækka um 158,4 ma.kr. eða úr 1.220,4 ma.kr. í 1.378,9 ma.kr. Þar munar að langmestu um áhrif verðbólgu og vaxta sem hafa 141,1 ma.kr. áhrif til hækkunar á áföllnum skuldbindingum sjóðsins á árinu 2023.

Yfirlit um breytingu á tryggingafræðilegri stöðu samtryggingardeildar		
Eignir	2023	2022
Endurmetin eign til tryggingafræðilegs uppgjors í árslok	1.962.799.134	1.789.760.625
Endurmetin eign til tryggingafræðilegs uppgjors í ársbyrjun	1.789.760.625	1.716.160.412
Hækkun/lækkun endurmetinnar eignar á árinu	173.038.509	73.600.213
Skuldbindingar		
Skuldbindingar í árslok	2.105.213.926	1.896.923.499
Skuldbindingar í ársbyrjun	1.896.923.499	1.658.474.870
Hækkun/lækkun skuldbindinga á árinu	208.290.427	238.448.630
Breyting á tryggingafræðilegri stöðu á árinu	-35.251.919	-164.848.417

Yfirlit um breytingar á áföllnum lífeyrisskuldbindingum samtryggingardeildar		
	2023	2022
Áfallnar lífeyrisskuldbindingar í ársbyrjun	1.220.442.525	1.023.962.807
Hækkun lífeyrisskuldbindinga vegna vaxta og verðbóta	143.802.407	135.159.865
Hækkun áunninna réttinda vegna iðgjalda ársins	44.300.252	39.420.705
Lækkun vegna greidds lífeyris á árinu	-33.195.191	-25.247.734
Hækkun/lækkun áunninna réttinda	0	39.952.339
Hækkun vegna breyttra dánarlíka	1.783.460	0
Hækkun vegna breyttra örorkulíka	0	0
Raunvirðisbreyting á núvirtum rekstrarkostnaði í áfallinni stöðu	1.295.033	1.386.323
Hækkun/lækkun vegna annarra breytinga	462.737	5.808.222*
Áfallnar lífeyrisskuldbindingar í árslok	1.378.891.224	1.220.442.525

*Á árinu 2022 var réttindaávinnsla iðgjaldagreiðenda umfram verðmæti iðgjaldanna sem nemur 3.338 ma.kr. Breytingar á greiðslum makalífeyris á árinu 2022 hækka áfallnar skuldbindingar um 4.273 ma.kr frá athuguninni í árslok 2021.

Forsendur tryggingafræðilegrar athugunar

Ellilífeyrir

- Reiknað er með að starfandi sjóðfélagar hefji töku ellilífeyris frá og með 67 ára afmælisdegi eða næsta afmælisdegi sjóðfélaga, ef hann er eldri en 67 ára í árslok 2023.
- Áunninn réttur til ellilífeyris frá og með 67 ára aldri er áunninn lífeyrisréttur í árslok 2023 samkvæmt réttindabókhalda sjóðsins. Réttur ellilífeyrisþega á mánuði er lífeyrisgreiðsla í desember á janúarverðlagi.
- 12,08% af hverri iðgjaldsgreiðslu upp að viðmiðunariðgjaldi sjóðfélaga gefur árleg áunnin réttindi til ellilífeyris frá og með 67 ára aldri og iðgjald umfram viðmiðunariðgjaldið gefur rétt samkvæmt aldursháðri réttindatöflu sjóðsins til framreiknings.

Örorkulífeyrir

- Allir sem eiga ellilífeyrisréttindi hjá sjóðnum eiga rétt á örorkulífeyri, ef örorka þeirra er metin 50% eða meira og þeir verða fyrir tekjumissi.
- Fyrir fulla (100%) örorku er áunninn örorkulífeyrir hinn sami og áunninn ellilífeyrir og hlutfallslega minni fyrir minni örorku. Virkir sjóðfélagar eiga rétt á viðbót með framreikningi samkvæmt reglum í 13. grein samþykka sjóðsins.
- Réttur örorkulífeyrisþega á mánuði er örorkulífeyrisgreiðsla desembermánaðar á janúarverðlagi.
- Örorkulífeyrir greiðist til ellilífeyrisaldurs samkvæmt ofanskráðum reglum. Frá þeim tíma hækkar lífeyririnn (og kallast ellilífeyrir), ef örorkumatið var minna en 100%, og verður eins og örorkan hefði verið 100%.

Makalífeyrir

- Makar allra þeirra sem eiga ellilífeyrisréttindi hjá sjóðnum eiga rétt á makalífeyri við fráfall sjóðfélaga.
- Áunninn makalífeyrir er 60% áunnins ellilífeyris. Makar virkra sjóðfélaga og örorku- og ellilífeyrisþega fá viðbót með sams konar framreikningi og gildir um örorkulífeyri.
- Makalífeyrir skal greiddur óskertur í þrjú ár frá andláti sjóðfélaga og tvö ár að hálfu hið minnsta. Þó alltaf greiddur óskertur meðan yngsta barn sjóðfélaga er 23 ára eða yngra og á framfæri sjóðfélaga.
- Makar sem eru fæddir 1. janúar 1925 eða fyrr fá ævilangan óskertan makalífeyri og þeir sem eru fæddir á árunum 1925 til 1945 fá skertan ævilangan makalífeyri skv. neðangreindri töflu, þegar önnur skilyrði gefa ekki hærra makalífeyri:

Fæðingardagur maka

2.1.1925 - 1.1.1926	2% skerðing
2.1.1926 - 1.1.1927	4% skerðing
2.1.1927 - 1.1.1928	6% skerðing
2.1.1928 - 1.1.1929	8% skerðing
2.1.1929 - 1.1.1930	10% skerðing
2.1.1930 - 1.1.1931	14% skerðing
2.1.1931 - 1.1.1932	18% skerðing
2.1.1932 - 1.1.1933	22% skerðing
2.1.1933 - 1.1.1934	26% skerðing
2.1.1934 - 1.1.1935	30% skerðing
2.1.1935 - 1.1.1936	36% skerðing
2.1.1936 - 1.1.1937	42% skerðing
2.1.1937 - 1.1.1938	48% skerðing

2.1.1938 - 1.1.1939	54% skerðing
2.1.1939 - 1.1.1940	60% skerðing
2.1.1940 - 1.1.1941	68% skerðing
2.1.1941 - 1.1.1942	76% skerðing
2.1.1942 - 1.1.1943	84% skerðing
2.1.1943 - 1.1.1944	92% skerðing
2.1.1944 - 1.1.1945	100% skerðing

- Maki sjóðfélaga getur þó ávallt valið um hvort hann fær greiddan makalífeyri skv. framangreindum ákvæðum eða fái greiddan makalífeyri, sem jafngildir þeim verðbættu iðgjöldum, sem greidd hafa verið vegna sjóðfélagsins fram til ársloka 2014 en að frádregnum verðbættum örorku- eða ellilífeyri sem sjóðfélaginn kann að hafa notið. Mánaðafjöldinn, sem greiða skal makanum lífeyri samkvæmt þessari aðferð, fæst með því að deila í verðmæti iðgjaldanna, að frádregnum lífeyri sjóðfélagsins, með annars úrskurðuðum makalífeyri.
- Réttur makalífeyrisþega er greiðslan í desember á janúarverðlagi.

Barnalífeyrir

- Við andlát sjóðfélaga fá börn þeirra rétt á lífeyri fram að 20 ára aldri.
- Mánaðarlegur barnalífeyrir er 26.118 krónur á mánuði.
- Börn örorkulífeyrisþega eiga einnig rétt á bótum í hlutfalli við örorku. Fullur barnalífeyrir með hverju barni örorkulífeyrisþega er 26.118 krónur á mánuði.
- Réttur núverandi barnalífeyrisþega er greiðslan í desember á janúarverðlagi.

Almennar forsendur

- Ávöxtun 3,5% umfram vísitölu neysluverðs til verðtryggingar en það eru staðlaðar forsendur.
- Sérhæfðar lífslíkur miðað við reynslu sjóðfélaga á tímabilinu 2018 til 2022. Þetta er breyting frá stöðluðum lífslíkum skv. reglugerð 391/1998 en þar er miðað við reynslu þjóðarinnar 2014 – 2018 skv. tilkynningu frá fjármála- og efnahagsráðherra. Gert er ráð fyrir lækkanði dánartíðni til framtíðar skv. spálíkani Félags íslenskra tryggingastærðfæðinga (FÍT), sem staðfest var af fjármála- og efnahagsráðherra í desember 2021.
- Sérhæfðar örorkulíkur miðað við reynslu sjóðsins árin 2010 til 2014. Þetta er breyting frá stöðluðum örorkulíkum en þar er miðað við lífeyrissjóða á árunum 2011 – 2016 skv. reglugerðinni og tilkynningu ráðherra.
- Íslenskar barneigna- og hjúskaparlíkur skv. stöðluðum forsendum.

Niðurstaða miðað við staðlaðar forsendur

Töflurnar sýna niðurstöður athugunarinnar með samanburði við staðlaðar tryggingafræðilegar forsendur. Forsendur úttektar eru frábrugðnar staðalforsendum að því leyti að notaðar eru sérhæfðar lífs- og örorkulíkur sjóðfélaga en reynsla undanfarinna ára er sú að bæði dánar- og örorkutíðni sjóðfélaga Lífeyrissjóðs verzlunarmanna eru lægri en staðalforsendur gera ráð fyrir.

Við staðlaðar tryggingafræðilegar forsendur væri heildarstaða sjóðsins 84.941 m.kr. veikari og væri neikvæð um 10,5%. Áfallnar lífeyrisskuldbindingar væru 19.968 m.kr. hærri og áfallin staða 1,3 prósentustigum veikari. Verðmæti heildarskuldbindinga vegna ellilífeyrisgreiðslna er 24.369 m.kr. lægra við staðlaðar forsendur, verðmæti örorkuskuldbindinga í heildarstöðu 85.932 m.kr. hærri og núvirði væntra framtíðariðgjalda 17.123 m.kr. lægra.

Áfallin staða í árslok 2023	Forsendur úttektar	Staðlaðar forsendur
Höfuðstóll	1.256.491.994	1.256.491.994
Viðbót vegna endurmats	4.191.468	4.191.468
Hrein áfallin eign	1.260.683.463	1.260.683.463
Áfallnar lífeyrisskuldbindingar	1.360.001.486	1.379.969.292
Núvirði rekstrarkostnaðar	18.889.738	18.822.465
Áfallnar skuldbindingar	1.378.891.224	1.398.791.758
Eignir umfram skuldbindingar	-118.207.761	-138.108.295
Hlutfall af skuldbindingum	-8,6%	-9,9%

Heildarstaða í árslok 2023	Forsendur úttektar	Staðlaðar forsendur
Hrein áfallin eign	1.260.683.463	1.260.683.463
Framtíðariðgjöld	702.115.671	684.992.543
Heildareign	1.962.799.134	1.945.676.006
Lífeyrisskuldbindingar	2.066.755.693	2.134.573.328
Núvirði rekstrarkostnaðar	38.458.233	38.458.233
Heildarskuldbindingar	2.105.213.926	2.173.031.561
Eignir umfram skuldbindingar	-142.414.793	-227.355.555
Hlutfall	-6,8%	-10,5%

Niðurstaða miðað við óbreyttar forsendur frá síðustu athugun

Haustið 2023 uppfærði Talnakönnun sérhæfðar dánar- og eftirlifendatöflur fyrir Lífeyrissjóð verzlunarmanna. Reiknuð voru ný sérhæfð frávík frá staðlaðri dánartíðni sem byggja nú á reynslu sjóðfélaga á árunum 2018 – 2022. Síðustu dánar- og eftirlifendatöflur sjóðsins byggðu á reynslu sjóðfélaga árin 2014 – 2018.

Áhrif nýrra sérhæfðra dánar- og eftirlifendataflna eru lítil eða 0,1% til veikingar á tryggingafræðilegri stöðu sjóðsins í árslok 2023. Taflan hér að neðan sýnir áhrif nýrra sérhæfðra lífslíka við mat á skuldbindingum í tryggingafræðilegri athugun í árslok 2023.

Áfallin staða í árslok 2023	Tryggingafræðileg athugun 31.12.2023	Staða 31.12.2023 m.v. eldri lífslíkur
Höfuðstóll	1.256.491.994	1.256.491.994
Viðbót vegna endurmats	4.191.468	4.191.468
Hrein áfallin eign	1.260.683.463	1.260.683.463
Áfallnar lífeyrisskuldbindingar	1.360.001.486	1.358.218.026
Núvirði rekstrarkostnaðar	18.889.738	18.884.807
Heildarskuldbindingar	1.378.891.224	1.377.102.832
Eignir umfram skuldbindingar	-118.207.761	-116.419.370
Hlutfall af skuldbindingum	-8,6%	-8,5%

Heildarstaða í árslok 2023	Tryggingafræðileg athugun 31.12.2023	Staða 31.12.2023 m.v. eldri lífslíkur
Hrein áfallin eign	1.260.683.463	1.260.683.463
Framtíðariðgjöld	702.115.671	701.945.906
Heildareign	1.962.799.134	1.962.629.368
Lífeyrisskuldbindingar	2.066.755.693	2.064.016.526
Núvirði rekstrarkostnaðar	38.458.233	38.458.233
Heildarskuldbindingar	2.105.213.926	2.102.474.759
Eignir umfram skuldbindingar	-142.414.793	-139.845.391
Hlutfall	-6,8%	-6,7%

Niðurstaða án áhrifa 6. tl. viðauka B í samþykktum

Á ársfundi sjóðsins í mars 2022 voru samþykktar breytingar á áunnum réttindum sjóðfélaga vegna innleiðingar nýrra dánar- og eftirlifendataflna sem þá í fyrsta sinn tóku mið af spá um lækkandi dánartíðni sjóðfélaga til framtíðar. Á sama tíma voru áunnin réttindi hækkuð um 12% vegna sterkrar tryggingafræðilegrar stöðu sjóðsins í árslok 2021.

Sem viðbrögð við nýjum dánar- og eftirlifendatöflum með spá um lækkandi dánartíðni til framtíðar, sem sjóðnum bar í fyrsta sinn skv. reglugerð 391/1998 að styðjast við við mat á sínum lífeyrisskuldbindingum, voru áunnin réttindi allra sjóðfélaga endurreiknuð. Með þessum endurútreikningi áunninna réttinda var komið í veg fyrir verulega aukningu áfallinna skuldbindinga sem og millifærslu fjármuna á milli kynslóða sem hefði annars orðið við upptöku nýrra dánar- og eftirlifendataflna við mat á tryggingafræðilegri stöðu sjóðsins. Endurútreikningi áunninna réttinda er í lýst í 6. tl. viðauka B í samþykktum sjóðsins.

Þann 30. nóvember 2023 féll dómur í Héraðsdómi Reykjavíkur í máli E-1722/2023 gegn Lífeyrissjóði verzlunarmanna þar sem 6. tl. viðauka B var dæmdur ógildur. Í dómsorði segir: „Ákvæði 6.tl viðauka B samþykka stefnda, dags. apríl 2022, sem tók gildi þann 1. janúar 2023, er ógilt“. Sjóðurinn hefur áfrýjað niðurstöðu dómsins.

Tryggingafræðileg staða sjóðsins er reiknuð m.v. gildandi samþykktir sjóðsins í árslok 2023. Til upplýsingar sýna töflurnar hér að neðan tryggingafræðilega stöðu í árslok 2023 án áhrifa 6. tl. viðauka B í samþykktum.

Áfallin staða í árslok 2023	Tryggingafræðileg athugun 31.12.2023	Án áhrifa 6.tl. viðauka B
Höfuðstóll	1.256.491.994	1.256.491.994
Viðbót vegna endurmats	4.191.468	4.191.468
Hrein áfallin eign	1.260.683.463	1.260.683.463
Áfallnar lífeyrisskuldbindingar	1.360.001.486	1.468.752.158
Núvirði rekstrarkostnaðar	18.889.738	19.636.948
Heildarskuldbindingar	1.378.891.224	1.488.389.106
Eignir umfram skuldbindingar	-118.207.761	-227.705.644
Hlutfall af skuldbindingum	-8,6%	-15,3%

Heildarstaða í árslok 2023	Tryggingafræðileg athugun 31.12.2023	Án áhrifa 6.tl. viðauka B
Hrein áfallin eign	1.260.683.463	1.260.683.463
Framtíðariðgjöld	702.115.671	702.115.671
Heildareign	1.962.799.134	1.962.799.134
Lífeyrisskuldbindingar	2.066.755.693	2.174.550.658
Núvirði rekstrarkostnaðar	38.458.233	38.458.233
Heildarskuldbindingar	2.105.213.926	2.213.008.892
Eignir umfram skuldbindingar	-142.414.793	-250.209.758
Hlutfall	-6,8%	-11,3%

Eignir, rekstur og endurmat

Einstök verðbréf voru ekki núvirt af Talnakönnun heldur var stuðst við útreikninga sem sjóðurinn útvegaði. Reglur um endurmat eru óbreyttar frá fyrri árum.

Eignir og rekstur miða við ársreikning sem barst frá fjármálastjóra sjóðsins á vefgátt 30. janúar 2024.

Skuldabréf í eigu sjóðsins voru endurmetin með því að núvirða þau til að sömu forsendur um vexti giltu um eignir og skuldbindingar og gaf það 4.191 m.kr eða 0,3% af bókfærðri eign. Rekstrarkostnaður sem kom til núvirðingar var krónur 1.639,6 m.kr. á ári og núvirði hans til 50 ára er 38.482 m.kr. Núvirtur rekstrarkostnaður vegna áfallinnar skuldbindingar er hlutfall reiknaðrar áfallinnar lífeyrisskuldbindingar af heildarskuldbindingu að viðbættum framtíðariðgjöldum og gefur það 18.890 m.kr.

Endurmatsverð eigna var borið saman við bókfært verð eigna og gengið úr skugga um að bókfærða verðið stemmdi við ársreikning. Eins voru valin nokkur verðbréf og endurmatsverð þeirra reiknað hjá Talnakönnun. Niðurstöður þeirra útreikninga stemmdu við endurmatsverðmætið frá sjóðnum.

Tryggingagjaldið

Alþingi samþykkti í desember 2006 lög um að hluti af tryggingagjaldi muni renna til lífeyrissjóða til að jafna örorkubrýði sjóðanna. Framlag hvers árs skal nema 0,325% af heildarlaunum allra landsmanna skv. reglugerð fjármálaráðherra. Þessu framlagi er skipt á milli allra lífeyrissjóða hlutfallslega að hálfu miðað við greiddan örorkulífeyri og að hálfu miðað við mismun reiknaðrar framtíðarörorkuskuldbindingar og 10% af samtals reiknuðum framtíðarskuldbindingum skv. niðurstöðum tryggingafræðilegra athugana.

Fjármálaráðaherra breytti þann 8. júlí 2010 reglugerð 391/1998 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða þannig að lífeyrissjóðum er nú heimilt að setja ákvæði í samþykktir sínar um ráðstöfun þessa framlags. Ekkert slíkt ákvæði er í samþykktum Lífeyrissjóðs verzlunarmanna.

Niðurlag

Þessi tryggingafræðilega athugun byggir á þeim gögnum og forsendum, sem gert hefur verið grein fyrir í skýrslu þessari, ásamt hefðbundnum tryggingafræðilegum útreikningum. Niðurstaðan virðist í góðu samræmi við niðurstöðu fyrri ára þegar tillit hefur verið tekið til nýrra gagna auk ávöxtunar sjóðsins og verðbólgu á árinu 2023.

Tryggingafræðileg staða sjóðsins er neikvæð um 6,8% og hefur staða sjóðsins verið fyrir utan 5% vikið 39. greinar laga 129/1997 í tvö ár sem augljóslega er ekki ákjósanleg staða. Frá tryggingafræðilegri athugun í árslok 2022 hafa raunvextir á markaði hækkað umtalsvert sem kemur einungis fram í tryggingafræðilegu endurmati sem hækkar úr -10.120 m.kr í +4.191 m.kr. á árinu 2023. Lágu raunvaxtastigi, sem einkennt hefur eignamarkaði undanfarin ár, fylgja miklar áskoranir fyrir lífeyrissjóði sem byggja á sjóðasöfnun en allar skuldbindingar sjóðsins í tryggingafræðilegri athugun eru núvirtar með 3,5% raunvaxtaviðmiði. Heilbrigðara fjárfestingarumhverfi með hærri raunvaxtastigi gerir sjóðinn líklegri til að ná hærri ávöxtun, m.t.t. áhættu, til framtíðar og gæti þ.a.l. haft jákvæð áhrif á tryggingafræðilega stöðu á næstum árum.

Til að koma heildarstöðu sjóðsins inn fyrir -5% vikið 39. greinar laga 129/1997 þyrftu eignir sjóðsins í dag að hækka um 3,0%. Að sama skapi myndi 5,4% lækkun eignasafns setja stöðuna út fyrir lögbundin 10% vikið 39. greinar laga 129/1997.

Gert í Reykjavík 16. febrúar 2024

TALNAKÖNNUN HF.





Benedikt Jóhannesson
Tryggingastærðfræðingur sjóðsins




Arnór Ingi Finnbjörnsson
Stærðfræðingur hjá Talnakönnun hf.

Söguleg þróun



Áfallin og framtíðarstaða sjóðsins 2006 - 2023



Fimm breytingar hafa átt sér stað á áunnum réttindum sjóðfélaga frá árinu 2006. Í árslok 2006 voru öll áunnin réttindi hækkuð um 4,0% og árið eftir voru öll áunnin réttindi síðan hækkuð um önnur 7,0% til viðbótar. Á árinu 2010 voru öll áunnin réttindi lækkuð um 10,0% og kom lækkunin fyrst fram í tryggingafræðilegi athugun í árslok 2010. Á árinu 2021 voru öll áunnin réttindi í árslok 2020 hækkuð um 10,0%. Í árslok 2022 var áunnum réttindum sjóðfélaga í árslok 2021 breytt háð aldri sem hafði 3,5% áhrif til hækkunar á áföllnum skuldbindingum sjóðsins. Í grafinu hér fyrir ofan má bæði sjá sögulega áfallna stöðu og áfallna stöðu eins og hún hefði verið fyrir hverja breytingu á áunnum réttindum fyrir sig.

Tvær breytingar hafa orðið á réttindatöflu sjóðsins á þessu tímabili en nýjar réttindatöflur tók gildi 1. janúar 2011 og 1. janúar 2023. Nánari upplýsingar um breytingar á réttindum sjóðfélaga má finna í samþykktum sjóðsins.

Tölur: Tryggingafræðileg staða í árslok 2023 og 2022

Tryggingafræðileg staða LV 31.12.2023	Áfallin staða	Framtíðarstaða	Heildarstaða
Eignir			
Hrein eign til greiðslu lífeyris	1.256.491.994	0	1.256.491.994
Tryggingafræðilegt endurmat skuldabréfa	4.191.468	0	4.191.468
Núvirði framtíðariðgjalda	0	702.115.671	702.115.671
Eignir samtals	1.260.683.463	702.115.671	1.962.799.134
Skuldbindingar			
Ellilífeyrir	1.224.627.685	622.914.555	1.847.542.240
Örokulífeyrir	91.358.792	60.137.800	151.496.593
Makalífeyrir	43.212.517	19.524.663	62.737.179
Barnalífeyrir	802.492	4.177.189	4.979.681
Núvirði framtíðarrekstrarkostnaðar	18.889.738	19.568.495	38.458.233
Skuldbindingar samtals	1.378.891.224	726.322.703	2.105.213.926
Eignir umfram skuldbindingar	-118.207.761	-24.207.032	-142.414.793
Í hlutfalli af skuldbindingum í árslok	-8,6%	-3,3%	-6,8%

Tryggingafræðileg staða LV 31.12.2022	Áfallin staða	Framtíðarstaða	Heildarstaða
Eignir			
Hrein eign til greiðslu lífeyris	1.146.104.987	0	1.146.104.987
Tryggingafræðilegt endurmat skuldabréfa	-10.199.500	0	-10.199.500
Núvirði framtíðariðgjalda	0	653.855.138	653.855.138
Eignir samtals	1.135.905.487	653.855.138	1.789.760.625
Skuldbindingar			
Ellilífeyrir	1.080.581.452	580.280.507	1.660.861.960
Örokulífeyrir	82.729.413	56.053.368	138.782.781
Makalífeyrir	40.081.349	18.549.001	58.630.350
Barnalífeyrir	759.671	3.840.581	4.600.253
Núvirði framtíðarrekstrarkostnaðar	16.290.640	17.757.515	34.048.156
Skuldbindingar samtals	1.220.442.525	676.480.974	1.896.923.499
Eignir umfram skuldbindingar	-84.537.038	-22.625.836	-107.162.874
Í hlutfalli af skuldbindingum í árslok	-6,9%	-3,3%	-5,6%

Viðauki TAFLA 1

Heildarskuldbinding (í mkr) KARLAR

Staða	Fjöldi	Meðalr/mán	Aldur	ELLI	ÖRORKU	MAKA	BARNA	SAMTALS
Virkir sjóðfélagar	21.927	399,1	36	623.502	29.895	28.124	1.939	683.458
Geymd réttindi	52.153	28,0	41	128.102	4.700	6.073	0	138.875
Ófeyrisþegar	6.620	173,5	73	149.489	0	6.793	0	156.282
Örorkulífeyrisþegar	1.320	109,6	55	17.112	14.646	580	0	32.337
Makalífeyrisþegar	717	44,9	74	0	0	1.438	0	1.438
Barnalífeyrisþegar	467	15,4	14	0	0	0	435	435
SAMTALS	83.204	138,7	42,9	918.205	49.240	43.007	2.373	1.012.826

(þúskr.)

Heildarskuldbinding (í mkr) KONUR

Staða	Fjöldi	Meðalr/mán	Aldur	ELLI	ÖRORKU	MAKA	BARNA	SAMTALS
Virkir sjóðfélagar	25.003	315,5	37	581.979	60.820	10.217	2.239	655.255
Geymd réttindi	64.551	25,2	42	147.731	11.788	2.939	0	162.457
Ellilífeyrisþegar	11.232	106,0	74	165.478	0	2.146	0	167.623
Örorkulífeyrisþegar	3.545	79,7	55	34.150	29.648	442	0	64.241
Makalífeyrisþegar	1.027	81,3	75	0	0	3.986	0	3.986
Barnalífeyrisþegar	409	15,1	14	0	0	0	368	368
SAMTALS	105.767	104,8	44,9	929.338	102.256	19.730	2.606	1.053.930

(þúskr.)

Heildarskuldbinding (í mkr) SAMTALS

Staða	Fjöldi	Meðalr/mán	Aldur	ELLI	ÖRORKU	MAKA	BARNA	SAMTALS
Virkir sjóðfélagar	46.930	354,6	36	1.205.481	90.715	38.341	4.177	1.338.713
Geymd réttindi	116.704	26,4	42	275.833	16.488	9.012	0	301.333
Ellilífeyrisþegar	17.852	131,1	74	314.967	0	8.938	0	323.905
Örorkulífeyrisþegar	4.865	87,8	55	51.262	44.294	1.022	0	96.578
Makalífeyrisþegar	1.744	66,3	75	0	0	5.424	0	5.424
Barnalífeyrisþegar	876	15,2	14	0	0	0	802	802
SAMTALS	188.971	119,7	44,0	1.847.542	151.497	62.737	4.980	2.066.756

(þús. kr.)

Rekstrarkostnaður

Samtals 38.458 **2.105.214**

Bókfærð eign

Endurmat skbr. 1.256.492

Núverandi eign 4.261 **1.260.753**

Ókomin iðgjöld

KARLAR

Ókomin iðgjöld 371.326

KONUR

Ókomin iðgjöld 330.790

Samtals

Heildareign

STAÐA

-6,8%

1.962.869 **-142.345**

Viðauki TAFLA 2

Áfallin skuldbinding (í mkr) KARLAR

Staða	Fjöldi	Meðalr/mán	Aldur	ELLI	ÖRORKU	MAKA	BARNA	SAMTALS
Virkir sjóðfélagar	21.927	152,1	36	302.323	10.189	13.707	0	326.218
Geymd réttindi	52.153	28,0	41	128.102	4.700	6.073	0	138.875
Ellilífeyrisþegar	6.620	173,5	73	149.489	0	6.793	0	156.282
Örorkulífeyrisþegar	1.320	109,6	55	17.112	14.646	580	0	32.337
Makalífeyrisþegar	717	44,9	74	0	0	1.438	0	1.438
Barnalífeyrisþegar	467	15,4	14	0	0	0	435	435
SAMTALS	83.204	73,6	42,9	597.026	29.534	28.591	435	655.585

(þúskr.)

Áfallin skuldbinding (í mkr) KONUR

Staða	Fjöldi	Meðalr/mán	Aldur	ELLI	ÖRORKU	MAKA	BARNA	SAMTALS
Virkir sjóðfélagar	25.003	119,0	37	280.244	20.388	5.109	0	305.741
Geymd réttindi	64.551	25,2	42	147.731	11.788	2.939	0	162.457
Ellilífeyrisþegar	11.232	106,0	74	165.478	0	2.146	0	167.623
Örorkulífeyrisþegar	3.545	79,7	55	34.150	29.648	442	0	64.241
Makalífeyrisþegar	1.027	81,3	75	0	0	3.986	0	3.986
Barnalífeyrisþegar	409	15,1	14	0	0	0	368	368
SAMTALS	105.767	58,3	44,9	627.602	61.825	14.622	368	704.416

(þúskr.)

Áfallin skuldbinding (í mkr) SAMTALS

Staða	Fjöldi	Meðalr/mán	Aldur	ELLI	ÖRORKU	MAKA	BARNA	SAMTALS
Virkir sjóðfélagar	46.930	134,5	36	582.566	30.577	18.816	0	631.959
Geymd réttindi	116.704	26,4	42	275.833	16.488	9.012	0	301.333
Ellilífeyrisþegar	17.852	131,1	74	314.967	0	8.938	0	323.905
Örorkulífeyrisþegar	4.865	87,8	55	51.262	44.294	1.022	0	96.578
Makalífeyrisþegar	1.744	66,3	75	0	0	5.424	0	5.424
Barnalífeyrisþegar	876	15,2	14	0	0	0	802	802
SAMTALS	188.971	65,0	44,0	1.224.628	91.359	43.213	802	1.360.001

(þús. kr.)

Rekstrarkostnaður

Samtals

18.890

1.378.891

Bókfærð eign

1.256.492

Endurmat skbr.

4.261

Núverandi eign

1.260.753

Ókomin iðgjöld KARLAR

0

Ókomin iðgjöld KONUR

0

Samtals

0

Heildareign

1.260.753

STAÐA

-8,6%

-118.138